



## 1. Álagning gjalda 2024.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að eftirfarandi forsendur verði lagðar til grundvallar álagningu útsvars, fasteignagjalda og lóðaleigu á árinu 2024.

- a. Álagt útsvar verði 14,74% vegna launa ársins 2024.
- b. Álagningarprósentur vegna fasteignaskatts verða eftirfarandi á árinu 2024:
  - i. 0,2467% af álagningastofni íbúðarhúsa ásamt lóðarleiguréttindum erfðafestulanda og jarðeigna skv. a-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
  - ii. 1,3200% af öllum fasteignum skv. b-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
  - iii. 1,4678% af öllum öðrum fasteignum skv. c-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

- c. Gjald vegna meðhöndlunar úrgangs vegna íbúðarhúsnæðis verður kr. 42.814 á hverja íbúð.

Gjöldin verða innheimt með fasteignagjöldum.

Tekið skal fram að vegna breyttrar löggjafar verður gjaldskráin tekin upp á árinu í kjölfar niðurstöðu útboðs sorpmála sem er væntanleg á vormánuðum.

- d. Lóðarleiga af nýjum lóðum og endurnýjuðum samningum verði 1,199% af fasteignamatsverði atvinnulóða og 0,3034% af fasteignamatsverði íbúðarhúsalóða og verði innheimt með fasteignagjöldum.
- e. Lóðarleiga af eldri lóðum (samningar dagsettir fyrir 1. janúar 2004) sem lögð er á hvern fermetra (m<sup>2</sup>) lóðar tekur viðmið af breytingum sem verða á byggingarvísitölu og birtist í .
- f. Gjald dagar fasteignagjalda á árinu 2024 verði 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september og 15. október en

eindagi gjaldanna verði 30 dögum síðar eða næsta virkan dag beri hann upp á helgidag.

Heildargjöld sem nema lægri fjárhæð en kr. 25.000 innheimtast með einum gjalddaga á ári, þann 15. apríl 2024.

- g. Veitt verði ívilnun á fasteignaskatti á árinu 2024, til elli- og örorkulífeyrisþega í samræmi við sérstakar reglur bæjarstjórnar um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

## 2. Þjónustugjaldskrár 2024.

Samkvæmt samþykktum bæjarstjórnar Akraness hækka þjónustugjaldskrár Akraneskaupstaðar 1. janúar ár hvert í samræmi við áætlaða hækkun vísitölu neysluverðs samkvæmt forsendum fjárhagsáætlunar sem byggir m.a. á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands, gögnum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og greiningargögnum viðskiptabankanna. Heimilt er með sérstækri ákvörðun að víkja frá hinni almennu hækkun.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að þjónustugjaldskrár Akraneskaupstaðar hækki um 7% þann 1. janúar 2024 nema annað sé sérstaklega tilgreint í viðkomandi gjaldskrá.

Með vísan til framangreinds samþykkir bæjarstjórn eftirfarandi gjaldskrár vegna ársins 2024:

1. Gjaldskrá leikskóla, hækkun samkvæmt grunnforsendum, hækkun sem nemur 7%.
2. Gjaldskrá vegna skólamáltíða grunn- og leikskóla, sértæk ákvörðun um hækkun einstaka gjaldaliða umfram grunnforsendum.
3. Gjaldskrá frístundar, hækkun samkvæmt grunnforsendum, hækkun sem nemur 7%.
4. Gjaldskrá dagstarfs, hækkun samkvæmt grunnforsendum, hækkun sem nemur 7%).

5. Gjaldskrá Tónlistarskóla Akraness, hækkun samkvæmt grunnforsendum, hækkun sem nemur 7%.
6. Gjaldskrá íþróttamannvirkja, sértæk ákvörðun um hækkun einstaka gjaldaliða umfram grunnforsendum.
7. Gjaldskrá Guðlaugar, sértæk ákvörðun um hækkun einstaka einstaka gjaldaliða umfram grunnforsendum.
8. Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu og heimsendingu matar, sértæk ákvörðun um hækkun einstaka gjaldaliða umfram grunnforsendum.
9. Gjaldskrá Bókasafns Akraness, hækkun samkvæmt grunnforsendum, hækkun sem nemur 7%.
10. Gjaldskrá Héraðsskjalasafns Akraness, hækkun samkvæmt grunnforsendum, hækkun sem nemur 7%.
11. Gjaldskrá Ljósmyndasafns Akraness, hækkun samkvæmt grunnforsendum, hækkun sem nemur 7%.
12. Gjaldskrá Byggðasafnsins í Görðum, sértæk ákvörðun um hækkun einstaka gjaldaliða umfram grunnforsendum.
13. Gjaldskrá um hundahald á Akranesi, hækkun samkvæmt grunnforsendum, hækkun sem nemur 7%.
14. Gjaldskrá um kattahald á Akranesi, hækkun samkvæmt grunnforsendum, hækkun sem nemur 7%.
15. Gjaldskrá Akranesvita, sértæk ákvörðun um hækkun einstaka gjaldaliða umfram grunnforsendum.
16. Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs íbúðarhúsnæðis á Akranesi, hækkun samkvæmt sértækri ákvörðun.

### **3. Stjórn málasamtök á Akranesi 2024.**

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir með vísan til 5. gr. laga nr. 162/2006 að ráðstafa 2,0 m.kr. til starfsemi stjórn málaflokka á Akranesi.

Akranesi, 6. nóvember 2023

F.h. Akraneskaupstaðar

---

Haraldur Benediktsson,  
bæjarstjóri